



Heims um ból
(Sveinbjörn Egilsson/Franz Gruber)

Heims um ból, helg eru jól,
signuð mæð son Guðs ól,
frelsun mannanna, frelsisins lind,
frumglæði ljóssins, en gjörvöll mannkínd
:/: meinvill í myrkrunum lá :/:

Heimi í hátíð er ný,
himneskt ljós lýsir ský,
lígur í jötunni lávarður heims,
lifandi brunnur hins andlega seims,
:/: konungur lífs vors og ljóss :/:

Heyra má himnum í frá
englasöng: Allelújá.
Friður á jörðu því faðirinn er
fús þeim að líkna, sem tilreiðir sér
:/: samastað syninum hjá :/:





Aðventuhátíð Bergmáls í Háteigskirkju

kl. 15:00, 10. des. 2023



Valdimar Briem W.A. Mozart - Sb. 1886

Í DAG er glatt í döprum hjörtum,
því Drottins ljóma jól.

Í niðamykrum nætur svörtum
upp náðar rennur sól.

Er vetrar geisar stormur stríður,
þá stendur hjá oss friðarengill blíður,
og þegar ljósið dagsins dvín,
oss Drottins birta kringum skín.
Oss Drottins birta kringum skín.

Ó, dýrð sé þér í hæstum hæðum,
er hingað komst á jörð.

Á meðan lifir líf í æðum,
þig lofar öll þín hjörð.

Á meðan tungan má sig hræra,
á meðan hjartað nokkuð kann sig bæra,
hvert andartak, hvert æðarslag
Guðs engla syngi dýrðarlag.
Guðs engla syngi dýrðarlag.



Heilsun, Össur Stefánsson

Samsöngur, „Í dag er glatt í döprum hjörtum“

Jólaguðspjall, Guðmundur Þórhallsson

Hugvekja: Benedikt Sigurðsson í Vídalínskirkju færir okkur frið og hugarró.

Fanný Lía Hevesi syngur :

Hin fyrstu jól/Ingibjörg Þorbergs

The Christmas Song/Nat King Cole

Ó helga nótt/A. Adams

Antonía Hevesi leikur á píanó með dóttur sinni.

Bjarni Thor, bassi, fyllir kirkjuna af söng og gleði.

Antonía Hevesi leikur með á píanó

Lokaorð, Kolbrún Karlsdóttir

Bæn, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson

Sungið saman „Heims um ból“

Orgelleikur: Ingimar Pálsson

Kynnir: sr. Gunnar Rúnar Matthíasson

Að lokinni dagskrá verða veitingar í Safnaðarheimili Háteigskirkju í boði Bergmáls. Fanný Lía lífgar uppá með aríunni The Prima Donna Song/C. Herbert úr óperettunni The Enchantress og I want to sing in Opera